

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 11/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/90/EB frá 12. febrúar 2007 um breytingu á ákvörðun 2005/513/EB um samræmda notkun tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 5 GHz með tilliti til upptöku þráðlausra aðgangskerfa, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/116/EB frá 15. febrúar 2007 um að taka frá númeraraðir fyrir hvert aðildarríki, sem byrja á „116“, í því skyni að hafa samræmd númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/176/EB frá 11. desember 2006 um skrá yfir staðla og/eða forskriftir fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og tilheyrandi aðstöðu og þjónustu sem kemur í stað allra fyrri útgáfna ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 5cs (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/513/EB):
„, eins og henni var breytt með:
– **32007 D 0090**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/90/EB frá 12. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 41, 13.2.2007, bls. 10).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 5cw (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/131/EB):
„5cx. **32007 D 0116**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/116/EB frá 15. febrúar 2007 um að taka frá númeraraðir fyrir hvert aðildarríki, sem byrja á „116“, í því

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 28, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 41, 13.2.2007, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 49, 17.2.2007, bls. 30.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 86, 27.3.2007, bls. 11.

skyni að hafa samræmd númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi (Stjtið. ESB L 49, 17.2.2007, bls. 30).

5cy. **32007 D 0176**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/176/EB frá 11. desember 2006 um skrá yfir staðla og/eða forskriftir fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og tilheyrandi aðstöðu og þjónustu sem kemur í stað allra fyrri útgáfna (Stjtið. ESB L 86, 27.3.2007, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2007/90/EB, 2007/116/EB og 2007/176/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.